

Miðvikudaginn 25. febrúar 1987.

Nr. 84/1986. **Páll Jóhannsson**

gegn

Borás Gummifabrik A/B

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1987.

Nr. 335/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Kristni Þór Jónssyni

(Hilmar Ingimundarsyni hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og prófessorarnir Arnljótur Björnsson og Gaukur Jörundsson.

Máli þessu var með stefnu 15. desember 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ákærði er ekki saksóttur fyrir brot gegn 124. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verður því eigi dæmd refsing samkvæmt því ákvæði. Með þessari athugasemd og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta ákvæði

hans um refsingu og sakarkostnað. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan héraðsdómur gekk 1. desember 1986 og ber að láta alla gæsluvarðhaldsvist hans koma refsingu til frádráttar.

Verjandi ákærða hefur aðallega krafist frávísunar á skaðabótakröfu þeirri er dæmd var í héraðsdómi, en til vara lækkunar. Ríkissaksóknari krafðist staðfestingar á úrlausn héraðsdóms um kröfuna.

Eigi eru efni til að vísa skaðabótakröfunni frá dómi. Þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um hana.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhaldsvist er ákærði hefur sætt óslitið frá uppsögu héraðsdóms 1. desember 1986 skal einnig dragast frá refsingu hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 1. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 621/1986: Ákærvaldið gegn Jóhanni Kristni Þór Jónssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettui 5. nóvember 1986 á hendur Jóhanni Kristni Þór Jónssyni bifreiðarstjóra, Rekagranda 8 í Reykjavík, fæddum 11. september 1952 þar í borg, „fyrir nauðgun, með því að hafa laust eftir hádegi mánudaginn 6. október 1986 ráðist á X, Reykjavík, fædda ... 1932, er hún var stödd við leiði foreldra sinna í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík, tekið hana kverkataki, haldið fyrir vit hennar og þröngvað henni þar til holdlegs samræðis með hrottanfengnu ofbeldi.

Þykir ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerst sekur um stórfellt brot samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 6. október sl. var kært til lögreglu yfir því, að konu hefði verið nauðgað í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu um kl. 12:30 þann dag.

Kærandinn, X, fædd ... 1932, hefur skýrt frá því að hún hafi farið að leiði foreldra sinna þar í garðinum til þess að setja niður blómlauka. Stuttu eftir að hún hafi verið komin að leiðinu og verið að bogra yfir því hafi einhver komið aftan að henni og tekið fyrir andlit hennar og snúið hana niður og lagt á bakið á leiðið. Maðurinn hafi lyft upp pilsni hennar og dregið niður um hana að hnjám sokkabuxur, nærbuxur og magabelti. Hún kveðst fyrst hafa hljóðað á hjálp og brotist um en hætt því fljótlega. Maðurinn hafi lagst ofan á hana og reynt að hafa við hana samræði en honum hafi ekki risið hold. Hún kveðst ekki hafa orðið vör við að limur hans kæmist inn í sköp hennar eða að honum yrði sáðfall. Meðan maðurinn hafi legið ofan á henni hafi hann haldið klút fyrir andliti hennar og hafi hún því ekki getað séð hann. Eftir einhverja stund hafi maðurinn staðið upp og horfið á brott í skyndi.

Vitnið kveður manninn hafa verið grannvaxinn og klæddan í ljósbláar gallabuxur og í hvítum reimuðum strigaskóm. Hann hafi virst sterkur en af vitum hans og úr klútnum hafi lagt súran áfengisþef og tóbaksþef.

Hér fyrir dómi kvaðst vitnið lítið muna eftir því hvað maðurinn gerði við hana þar sem hann lá ofan á henni en sagði að henni fyndist eins og að hann hefði verið að fitla við sjálfan sig þar sem hann lá ofan á henni.

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði X þennan sama dag. Í vottorði hans, sem er ranglega dagsett 7. maí 1986, um skoðun á konunni segir m.a. þetta: „Skoðun: X er róleg og yfirveguð og gefur góða sögu. Hún er með greinileg ummerki á andliti eftir ytri áverka. Bæði er hún með roða og byrjandi mar undir báðum augnlokum, ca. 2 cm breitt, blásvart ljótt mar á nefbroddi, meira vinstra megin og 1 cm löng rispa á vinstri nasvæng. Þá er rispa/sprungu í hægra munnviki. Hún er með laufblað í hárinu á hnakka, og kvartar um eymsl í hálsi, en ekki sjást áverkar þar.

Gyn. skoðun: Það er mold á rasskinnum og við endaparmsop. Talsverður roði og afrifa á börmum, einkum þeim vinstri, og ekki eftir neitt nema ytri áverka, og kæmi vel saman við samfarir með valdi. Í leggöngum er óverulegur roði, ekki áverki, en ríkulegt slím. Tekið er sýni til sæðisfrumuleitar.

Smásjárskoðun: Í þremur sýnum er mjög mikið af sprelllifandi sæðisfrumum og hreyfanleiki það mikill að um glænýtt sæði er að ræða.

Niðurstaða:

X ... kemur í skoðun að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins í fylgd Dóru Hlín Ingólfsdóttur rannsóknarlögreglukonu vegna meintrar nauðgunar. Var ráðist aftan að henni í gamla kirkjugarðinum og hún flett klæðum og reynd mök. Haldið föstu taki með klút um vit henni. Áverkar eru slíkir á andliti að

kemur vel saman við lýsingu, mar undir báðum augnlokum, á nefi og í munnviki. Einnig roði og afrifur við leggangaop, og við smásjárskoðun af vökva (útferð) úr leggöngum finnst ríkulegt magn lifandi ferskra sæðisfruma, sem styrkja það að um fullkomnar samfarir með sáðláti hafi verið að ræða. Styrkir það enn sögu sjúklings að um nauðgun hafi verið að ræða.“

Við rannsókn á fatnaði X kom í ljós að mold var á buxnastrengnum, fram-anverðum og innan í buxunum og í svo kölluðu „dagbindi“ reyndist vera sæði. Þá voru sokkabuxur rifnar í klofi og tveir óhreinindablettir á teygjubuxunum eða magabelti.

Leiði foreldra X er, samkvæmt vettvangsdrætti, u.þ.b. 30 metra fyrir ofan Suðurgötu og u.þ.b. 110 metra frá Kirkjugarðsstíg. Við vettvangsrannsókn fundust gleraugu X, lítil skófla og poki undan blómlaukum á leiðinu. Þá sáust þar tvenn fótspor, líkust því að einhver hefði spyrrt við fótum og út frá öðrum fótsporunum var bælt svæði. Á upphækkunum reit fyrir ofan legstein G, sem er næst við leiði ... hjóna, fannst merkistika með steypuhnullungi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hafði gætur á mannaferðum um kirkjugarðinn næsta dag og kl. 11:00 sást þar á ferli maður í ljósbláum gallabuxum og ljósum íþróttaskóm. Eftir u.þ.b. 10 mínútna dvöl í garðinum gekk maðurinn að kyrrstæðri sendiferðabifreið á Ljósvallagötu og ætlaði að stiga inn í hana. Var hann þá handtekinn. Reyndist það vera ákærði í máli þessu.

Ákærði var strax færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Í fyrstu yfirheyrslum neitaði ákærði sök og var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald 8. október sl.

Sama dag var af hálfu rannsóknarlögreglunnar gerð frekari leit á vettvangi og var þá tekin til rannsóknar fyrrgreind merkistika. Á stikunni fannst hluti af fingrafari og samkvæmt álitni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar er það af vísifingri vinstri handar ákærða.

Í skýrslu Bjarna Bogasonar rannsóknarlögreglumanns er stikunni lýst svo: „Hér er um að ræða málmvinkil með spjaldi viðfestu á öðrum enda en steypuklump á hinum endanum. Virðist vinkillinn og spjaldið vera úr ryðfriú stáli. Vinkillinn mælist upp úr steypunni 17 cm og eru hliðar vinkilsins 1,5 cm. Spjaldið á enda vinkilsins mælist 6,5 cm x 3,5 cm og er með upphleyptu lettri. Áletrun á spjaldinu er 0 421. Merkistikan með steypu vegur 1,740 kg. Heildarhæð er 32 cm. Steypuklumpurinn mælist 10 x 15 cm að ofan og er óreglulegur að lögum. Hæð klumpsins er 12 cm.“

Upplýst er að merki þetta er af leiði V sem er um 10 m suður af leiði ... í beina línu. Lögreglumennirnir Bjarni Bogason og Jónas Jón Hallsson hafa skýrt frá því, að farið eftir stikuna á leiði V hafi borið það með sér að hún hafi nýlega verið rifin upp.

Við rannsókn á fatnaði ákærða fundust sæðisblettir í blússu, bol, buxum og nærbuxum. Skór ákærða voru moldugir.

Meðal gagna málsins eru uppdrættir og ljósmyndir af vettvangi og merkistíkunni og enn fremur af sviðsetningu atburðanna í kirkjugarðinum, sbr. það sem segir hér á eftir.

Ákærði hefur játað að hafa ráðist á konuna í kirkjugarðinum og nauðgað henni.

Ákærði hefur skýrt frá því að hann hafi lagt bifreið sinni á Suðurgötu um hádegisleytið mánudaginn 6. október sl. Hann hafi verið eftir sig eftir áfengisdrykkju um helgina og ákveðið að ganga sér til hressingar í gamla kirkjugarðinum eins og hann eigi vanda til. Ákærði segist hafa farið inn um aðalhlíðið við Suðurgötu og gengið nokkrar mínútur um garðinn. Hann hafi fljótlega komið auga á konu sem var að hlúa að leiði þarna í garðinum. Hún hafi verið með skóflu og blómlauka, sem hún hafi líklega verið að setja niður. Konan virtist ekki hafa orðið hans vör og ákvað ákærði þá að komast nær henni. Þegar konan bograði yfir leiðið sá ákærði upp undir pils hennar. Hann segir að þá hafi komið yfir sig einhvers konar tryllingur og óvþráðanleg hvöt til þess að komast yfir konuna og læddist ákærði þá að henni. Þegar ákærði var kominn fast að konunni tók hann með vinstri handlegg yfir höfuð konunnar þannig að haka hennar var í olnbogabót ákærða, en með hægri handlegg tók hann um bringu konunnar. Ákærði kveðst hafa lagt konuna niður á leiðið. Konan hafi ekki sýnt mótþróa en rekið upp eitt óp. Ákærði kveðst hafa flett upp pilsum konunnar og tekið niður um hana buxurnar niður að hnjám, og var þá konan nakin að neðan. Ákærði gyrti (sic) niður um sig og telur hann að sér hafi risið hold til hálf.

Ákærði segir að hann hafi fyrst reynt að hafa samfarir við konuna og hafi limur hans farið lítilliga inn í konuna, inn fyrir barmana. Ákærði hafi þá séð að samræðið gæti ekki heppnast fyllilega með þessu móti og því brugðið á það ráð að fróa sér þar sem hann lá ofan á konunni. Þegar ákærða varð sáðfall kveðst hann hafa haldið um lim sinn og þrýst honum inn fyrir skapabarma konunnar og hafi sæðið þannig fallið til hennar. Ákærði kveðst ekki hafa viðhaft samræðishreyfingar við konuna.

Þegar ákærði hafði lokið sér af stóð hann upp og hljóp í burtu og hysjaði upp um sig á hlaupunum.

Aðspurður um merkistíku þá sem greinir í gögnum málsins segir ákærði það af og frá að hann hafi tekið hana af leiðinu þar sem hún var og þaðan af síður að hann hafi ætlað að beita henni á konuna. Ákærði kveður hugsanlegt að hann hafi óafvitandi snert stíkuna þar sem hún lá á leiði G, þegar hann var að læðast að konunni.

Hinn 17. október sl. voru með atbeina ákærða settir á svið í kirkjugarðinum um atburðirnir 6. október. Var ákærði látinn sýna gönguleið sína um garðinn og árásina á konuna. Gekk ákærði þá fyrst fram hjá leiði V í áttina að leiði ... en sneri þá við, sagðist hafa villst og gekk aðra leið þangað.

Ákærði kveðst oft hafa séð merkistíkur af þessu tagi í garðinum og stundum dottið um þær þegar hann hafi verið að hlaupa í honum.

Telja verður sannað með vætti X, játningu ákærða og öðru því sem fram er komið og rakið hefur verið að ákærði hafi ráðist á konuna og þröngvað henni til holdlegs samræðis eins og lýst er í ákæru. Ennfremur verður að telja sannað með fingrafararannsókn og vettvangsathugun og því sem rakið er um sviðsetninguna í kirkjugarðinum að ákærði hafi gripið upp merkistíkuna á leið V og að hann hafi haldið á henni að leiði ... hjóna og G. Eins og þarna háttar til er óhætt að slá því föstu að ákærði hafi verið búinn að sjá konuna þegar hann tók upp stíkuna.

Þegar allt þetta er virt og það að ákærði kveðst hafa fyllst tryllingi við að sjá konuna verður að telja afar líklegt að með honum hafi búið einhver ásetningur um að beita stíkunni gegn konunni, en gegn eindreginni neitun ákærða er varhugavert að telja það sannað.

Ákærði er saksóttur fyrir fullframið brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Í vörn fyrir ákærða hefur verjandi hans haldið því fram að verknaður ákærða sé ekki fullframið nauðgunarbrot en til álita komi að telja hann vera tilraun til nauðgunar eða þá önnur kynferðismök en samræði, sbr. 220. (sic) gr. hegningarlaganna.

Ákærði hefur skýrt frá því, að honum hafi risið hold til hálf. Hann þrýsti lim sínum inn fyrir skapabarma konunnar. Hann fróaði sér síðan þar sem hann lá ofan á konunni, þrýsti limnum inn fyrir skapabarma hennar og lét sæðið falla inn í fæðingarveginn.

Verknað þennan verður í heild sinni að meta sem fullframið brot í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Svala Thorlacius hæstaréttarlögmaður hefur gert 250.000 króna fébótakröfu á hendur ákærða fyrir hönd X. Verður að skilja kröfuna svo að krafist sé miskabóta. Miðað við meingerð ákærða við konuna verður að telja kröfunni í hóf stillt og ber, samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða til þess að greiða X 250.000 krónur.

Viðurlög.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

19. janúar 1971 var hann sektaður í Reykjavík fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði.

11. apríl 1975 var hann dæmdur í 12 daga varðhald á Sauðárkróki fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuréttindum ævilangt.

23. júní var ákærði dæmdur í sekt í Árnæssýslu fyrir líkamsárás.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn vegna máls þessa. Í skýrslu Sigurgísla Skúlasonar sálfræðings, sem lagði fyrir hann sálfræðipróf, segir að ákærða sé gefin góð meðalgreind miðað við frammistöðu hans í greindarprófum

Wechslers og Ravens. Þá lagði sálfræðingurinn tvö persónuleikapróf fyrir ákærða, svo nefnt MMPI-próf og svo nefnt 16-PF próf.

Um niðurstöðu hins fyrrnefnda segir sálfræðingurinn í skýrslu sinni: „Einingis tveir af hinum tíu kvörðum MMPI prófsins reyndust hækkaðir yfir normalmörkin. Hér er um að ræða þunglyndis-kvarðann og geðvillu-kvarðann (psychopathiu). Mest var hækkunin á geðvillu-kvarðanum, sem bendir til persónuleikatrufunar. Rannsóknir (1.2) á MMPI prófinu hafa leitt í ljós, að þessi niðurstaða Jóhanns (hækkun á geðlægðar- og geðvillukvarða) sé dæmigerð fyrir lyfja- og áfengismisnotendur. Rannsóknir (3) á afbrotamönnum benda einnig til þess að þessi niðurstaða sé algengasta MMPI úrlausnin meðal síbrotamanna. Niðurstöðurnar benda því til alvarlegra skapbrestra, persónuleikatrufunar og þunglyndis. Flest bendir til þess, að kvíðinn og sektarkenndin (geðlægðin) séu viðbrögð við utanaðkomandi álagi, þ.e.a.s. þunglyndið er afleiðing handtökunnar. Sektarkenndin er einnig ýkt og sjaldnast einlæg. Hér er því um langstætt cyclískt aðlögunarmynstur að ræða, þar sem slæmri sjálfstjórn fylgir ýkt sektarkennd, eða með öðrum orðum, í kjölfar spennulosandi hegðunar (útrás) kemur sektarkennd. Þennan vítahring er oftast erfitt að rjúfa. Þetta bendir til þess, að um leið og Jóhann er frjáls aftur, þá muni allt leita í sama farið aftur.“

Þá segir ennfremur um niðurstöður síðara prófsins: „Úrlausn Jóhanns bendir til þess að hann sé tilfinningalega óstöðugur og komist auðveldlega úr jafnvægi. Hann verður því oft leiksoppur geðhrifa. Hann hefur lítinn siðferðisstyrk (veikt yfirsjálfi), þ.e.a.s. sinnir lítt skyldum og reglum. Sjálfsgafi er lítill. Þegar Jóhann tók þetta persónuleikapróf, þá var hann dálítið kvíðinn, spenntur og áhyggjufullur og með sjálfásakanir.“

Hannes Pétursson yfirlæknir gerði geðheilbrigðisrannsókn á ákærða og segir yfirlæknirinn eftirfarandi í ályktun sinni um geðheilsu hans: „Ljóst er að Jóhann Kristinn Þór Jónsson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiriháttar taugaveiklu eða greindarskorti. Hins vegar tel ég að Jóhann sýni merki um persónuleikatrufanir og skapgerðargalla, sem m.a. komi fram í erfiðleikum í tjáskiptum við annað fólk, lélegri hvatastjórn og misnotkun áfengis Að því er varðar að aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir atviki því sem Jóhann sætir nú kæru fyrir, þá verður það ef til vill best skoðað í ljósi framangreindra skapgerðarbrestra samfara áfengismisnotkun og lyfjaneyslu umræddan dag. Auk þess er ljóst að þau hjónin hafa átt við langvarandi erfiðleika að stríða, bæði fjárhagsvandamál vegna íbúðarkaupna og einnig í einkalífi sínu.“

Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Jóhanns Kristins Þórs Jónssonar sé innan eðlilegra marka og hann teljist því sakhæfur.“

Refsingu ákærða verður að ákveða með hliðsjón af því að ákærði réðist að alókunnugri konu á almannafæri um bjartan dag og því að verknaðurinn

var framinn í kirkjugarði þar sem konan var að hlúa að leiði. Verknaður ákærða var við þessar aðstæður dæmafá misgerð við konuna og hefur ákærða hlotið að vera það ljóst. Þá er á það að líta að verknaður hans er röskun á grafarhelgi samkvæmt 124. gr. almennra hegningarlaga. Enda þótt ekki sé sérstaklega ákært fyrir það, þykir verða að virða ákærða það til þyngingar allt að einu. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár en rétt er að draga frá refsingunni gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem hann hefur sætt frá kl. 16:35 miðvikudaginn 8. október sl.

Þá ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða til þess að greiða X 25.000 (sic) krónur í miskabætur.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist frá kl. 16:35 miðvikudaginn 8. október 1986.

Ákærði greiði X 250.000 krónur í fébætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.